



LJÓŚLEIÐARINN

Verðbréfalýsing

19. maí 2022

Efnisyfirlit

1	Áhættupættir	3
1.1	Almenn áhætta skuldabréfa	4
1.2	Áhætta tengd skuldabréfum	4
1.2.1	Lausafjárahætta	4
1.2.2	Markaðsáhætta	5
1.2.3	Vaxtaáhætta	5
1.2.4	Verðtryggingaráhætta	5
1.2.5	Seljanleikaáhætta	5
1.2.6	Áhætta tengd gjaldfellingarheimildum	6
1.2.7	Mótaðilaáhætta	6
1.2.8	Uppgjörsáhætta	6
1.2.9	Áhætta við gjaldþrot	6
1.2.10	Áhætta tengd grænum skuldabréfum	7
1.2.11	Áhætta vegna skilmálabreytinga	7
1.2.12	Lagaleg áhætta og ágreiningsmál	7
1.2.13	Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	8
2	Skuldabréfin	10
2.1	Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna	10
2.2	Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin	11
2.3	Lög sem gilda um skuldabréfin	18
2.4	Rafræn skráning og framsal	18
2.5	Forgangsröðun skuldabréfanna	18
2.6	Skilmálabreytingar	19
2.7	Taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland	19
2.8	Kostnaður vegna töku til viðskipta	19
2.9	Afskráning	19
2.10	Skattamál	20
2.11	Upplýsingar frá þriðja aðila	20
3	Tilkynning til fjárfesta	21
3.1.1	Fjárfesting í skuldabréfunum hæfir ekki öllum fjárfestum	22
3.1.2	Gildistími og skjöl til sýnis	22
3.1.3	Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar	23
3.1.4	Hugsanlegir hagsmunarárekstrar	23

3.1.5	Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda	24
3.1.6	Skilgreiningar	24
3.1.7	Skammstafanir og hugtök	25

1 Áhættupættir

Ljósleiðarinn ehf., (áður Gagnaveita Reykjavíkur ehf.), kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „Ljósleiðarinn“, „útgefandi“ eða „félagið“) er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „Orkuveita Reykjavíkur“ eða „OR“). Tilgangur útgefanda er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annað sem þarf til reksturs félagsins. Til að fjármagna starfsemi sína gaf félagið m.a. út græna skuldabréfaflokkinn LL 010641 GB (áður GR 010641, hér eftir „LL 010641 GB“, „skuldabréfaflokkurinn“ eða „skuldabréfin“), sem seld voru fjárfestum sem allir voru fagfjárfestar í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Til að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel skilmála skuldabréfanna, áhættupætti sem lýst er hér á eftir, fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignir útgefandans, áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum er tekin.

Áhættupættirnir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir áhættupættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda skipta máli varðandi skuldabréfin, svo meta megi áhættuna sem tengist þeim. Þessi kafli ásamt kafla 1 um áhættupætti í útgefandalýsingu Ljósleiðarans, dagsettri 19. maí 2022, inniheldur eftir bestu vitund útgefanda þá áhættupætti sem máli kunna að skipta við mat á áhættu af fjárfestingu í skuldabréfunum. Með framsetningu og uppröðun þeirra áhættupátta sem hér er fjallað um er leitast við að fyrst telja upp alvarlegustu áhættupættina að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Útgefandi getur ekki spáð fyrir um líkur þess hvort eða hvenær þeir áhættupættir sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi útgefanda eða verð skuldabréfa útgefin af útgefanda. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættupátta.

Afmörkun á áhættupáttum getur verið með ýmsu móti og þá má flokka með mismunandi aðferðum. Hér er eftir fremsta megni reynt að kortleggja þekkta áhættupætti sem áhrif hafa á skuldabréfin og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættupáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættupættirnir geta komið fram í litlu eða ríku mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættupátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættupátta á skuldabréfin.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættupætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættupættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættupættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu.

1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta.

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifsviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum.

Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldabréfum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur.

Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldabréfum sem tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndartilvika og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér vel starfsemi útgefanda og skilmála skuldabréfanna ásamt eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti sem og umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í 1. kafla útgefandalýsingar Ljósleiðarans ehf. dagsettri 19. maí 2022, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum LL 010641 GB.

1.2 Áhætta tengd skuldabréfum

1.2.1 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum. Áhætta fjárfesta vegna lausafjárahvanda útgefanda endurspeglast í getu útgefanda til að standa skil á skuldbindingum sínum vegna skuldabréfanna. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á fyrir fram ákveðnum gjaldkögum og fjármagnar það með tekjum sínum eða lántöku. Sú skuldbinding er bein og óskilyrt. Ef tekjur af eignum útgefanda verða minni eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum.

Skuldabréfin eru óveðtryggð, með 40 jöfnum greiðslum (e. annuity) til 20 ára og fara greiðslur vaxta, verðbóta og höfuðstóls fram á sex mánaða fresti. Lokagreiðsla fer fram á lokagjaldlega höfuðstóls, árið 2041. Stýring lausafjárahættu útgefanda felst meðal annars í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar félagsins og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðsstreymis. Útgefandi getur þó lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum á gjaldlega. Ef

útgefandi vill breyta skilmálum skuldabréfanna þarf hann að boða til fundar skuldabréfaeigenda og fá samþykki 66,67% eigenda útgefinna skuldabréfa miðað við fjárhæð. Hafi greiðsla af skuldabréfinu ekki verið innt af hendi innan 30 daga frá gjalddaga er um vanefnd að ræða samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og hægt að gjaldfella skuldabréfin, sjá nánar í kafla 2.7 2. „Gjaldfellingarheimild vegna vanskila“.

1.2.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

1.2.3 Vaxtaáhætta

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lántími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta, að öðru óbreyttu. Skuldabréfin í flokki LL 010641 GB bera fasta 1,5% verðtryggða vexti og eru til 20 ára. Skuldabréfaflokkurinn er ekki með uppgreiðsluheimild. Fjárfestar sem kaupa skuldabréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greidda sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri. Breytingar á markaðsaðstæðum hverju sinni hefur því meiri áhrif á skuldabréfin, en á styttri, óverðtryggð skuldabréf á föstum vöxtum.

1.2.4 Verðtryggingaráhætta

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við dagvísitölu vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi VNV á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á VNV hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi VNV áður en vextir eru reiknaðir. Breytingar á verðbólgu hefur því bein áhrif á virði skuldabréfaflokksins.

1.2.5 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldabréfin á þeim tíma og/eða í því magni eða á því verði sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk sem veldur því að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi. Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinni. Þetta á sérstaklega við ef útgefandinn á í fjárhagslegum erfiðleikum, skuldaskjölun eru mjög næm fyrir vaxtabreytingum, gengi gjaldmiðla eða annarri markaðsáhættu, skuldaskjölun eru hugsuð fyrir sérstök fjárfestingarmarkmið eða hafa þann tilgang að mæta þörfum takmarkaðs hóps fjárfesta. Eftirmarkaður slíkra verðbréfa er almennt takmarkaðri og verðflökt þeirra meira í samanburði við hefðbundin verðbréf. Óseljanleiki getur

haft verulega neikvæð áhrif á markaðsvirði bréfanna. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og viðskiptavakt er ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

1.2.6 Áhætta tengd gjaldfellingarheimildum

Skuldabréfin bera fjárhagslegar kvaðir og sérstök skilyrði sem er ætlað að bæta réttarstöðu skuldabréfaeigenda gagnvart útgefanda. Áhætta er fólgin í því að útgefandi brjóti skilyrði eða kvöð og tilkynni það ekki eins og honum ber og/eða grípi ekki til nauðsynlegra aðgerða til að bæta úr þeim kringumstæðum eða atvikum sem olli slíku broti. Vanefni útgefandi skuldbindingar, tiltekin skilyrði eða kvaðir getur eigendum verðbréfanna verið heimilt að gjaldfella þau, þó með samþykki tilskilins hlutfalls eigenda verðbréfanna. Áhætta er fólgin í því fyrir eiganda slíkra verðbréfa að hann hafi ekki einhliða rétt til að gjaldfella verðbréf sín.

1.2.7 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Ef mótaðilar Ljósleiðarans í viðskiptum standa ekki skil á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er hætta á að Ljósleiðarinn eigi erfitt með að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum.

Mótaðilaáhætta fjárfesta getur einnig falist í því að mótaðili í viðskiptum með skuldabréfin á eftirmarkaði standi ekki við skuldbindingar sínar, þ.e. að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er þar sem mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Fyrirgreint getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa í skilum á sínum skuldbindingum.

Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta, þrátt fyrir þau úrræði sem fjárfestar hafa skv. skilmálum skuldabréfanna. Fjallað er sérstaklega um útgefanda skuldabréfanna og þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um hann í útgefandalýsingu Ljósleiðarans sem dagsett er 19. maí 2022.

1.2.8 Uppgjörsáhætta

Uppgjör vegna viðskipta með skuldabréfin fara fram í gegnum greiðslukerfi eins og fyrr greinir. Uppgjörsáhætta felst í því að mótaðili í viðskiptum með skuldabréfin á eftirmarkaði standi ekki við skuldbindingar sínar, þ.e. , að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Sú staða getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa skil á sínum skuldbindingum.

1.2.9 Áhætta við gjaldprot

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Útgefandi getur þó haldið uppi eðlilegum vörnum ef krafa á sér ekki eðlileg rök. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7 gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstól skuldarinnar nær

aðfaraheimildin þar að auki til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr., 1.gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna eru þau án trygginga. Kröfur skuldabréfaeiganda samkvæmt LL 010641 GB eru jafn réttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Ef ágreiningsmál rísa út af skuldabréfaflokknum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. reglum XVII. Kafli laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

1.2.10 Áhætta tengd grænum skuldabréfum

Græn verðbréf eru þau skuldabréf útgefanda sem gefin eru út í samræmi við umgjörð OR móðurfélags útgefanda um græn skuldabréf eins og hún er á hverjum tíma. Græna umgjörðin getur tekið breytingum á líftíma verðbréfanna en breytingar á grænni umgjörð hafa ekki áhrif á áður útgefin bréf heldur eiga eingöngu við verðbréf sem gefin eru út eftir slíkar breytingar. Fyrirgreindar breytingar veita ekki eigendum verðbréfa gjaldfellingarheimild, eða önnur réttindi, jafnvel þótt verðbréfin flokkist ekki sem græn eftir breytingar. Útgefandi ábyrgist hvorki áreiðanleika álits eða vottunar sem þriðji aðili gefur út, óháð því hvort álitid eða vottunin sé gefin út að beiðni OR móðurfélags útgefanda, og sem gerð er aðgengileg fjárfestum í tengslum við útgáfu grænna skuldaskjala né heldur að slíkt álit eða vottun teljist viðeigandi, þá sérstaklega í þeim tilvikum sem álit eða vottun staðfestir að umgjörð útgefanda um græna fjármögnun uppfylli umhverfisleg skilyrði, samfélagsleg skilyrði, skilyrði um sjálfbærni og/eða önnur skilyrði. Til að fyrirbyggja allan vafa þá er slíkt álit (eða vottun) ekki fellt inn í lýsinguna og telst ekki hluti af henni. Þá ætti slíkt álit (eða vottun) ekki að teljast ráðgjöf útgefanda eða annars aðila um að kaupa, selja eða eiga græn skuldaskjöl. Jafnframt er vakin athygli á að slíkt álit (eða vottun), sem er í gildi við útgáfu skuldabréfanna, gæti haft takmarkaðan gildistíma og þannig fallið úr gildi á líftíma skuldabréfanna. Fjárfestum ber að leggja sjálfstætt mat á mikilvægi (i) álits eða vottunar þriðja aðila, (ii) þeirra upplýsinga sem þar koma fram og (iii) upplýsinga um útgefanda álits eða vottunar í tengslum við fjárfestingu í grænum skuldaskjöllum. Sem stendur eru útgefendur slíkra álita eða vottunar ekki undir sérstöku regluverki eða eftirliti.

1.2.11 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (66,67%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum heimilt er að breyta. Skilmálum skuldabréfanna er varða lokagjalddaga, fjárhæð og greiðslur vaxta og höfuðstóls verður ekki breytt nema að fengnu samþykki útgefanda og eigenda a.m.k 90% skuldabréfa (að nafnverði) sem mættir eru á réttilega boðaðan kröfuhafafund. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að minnihluti skuldabréfaeigenda, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig. Sú hætta er til staðar að fjárfestar þurfi að sætta sig við breytingar á skilmálum sem þeir álita sem verri kost fyrir sig.

1.2.12 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi voru þegar verðbréfalýsing þessi var birt. Lög, reglugerðir og reglur sem gilda um skuldabréfin og starfsemi útgefanda geta tekið breytingum

á líftíma skuldabréfanna og hafa áhrif á útgefanda og fjárfesta. Útgefandi getur eðli máls samkvæmt ekki ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvarðana.

Fjárfestingar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann.

Útgefanda er ekki kunnugt um að nein stjórnáskýslumál, dóms- eða gerðardómsmál, sem beint er gegn útgefanda séu í gangi, séu yfirvofandi eða hafa verið í gangi síðastliðna 12 mánuði sem kunna að hafa eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda, annað en það sem kemur fram í kafla 2.5.1. „Stjórnáskýslu-, dóms-, og gerðardómsmál“ í útgefandalýsingu Ljósleiðarans, dagsett 19. maí 2022.

Útgefanda kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði útgefanda óhagfelldir.

1.2.13 Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu sem birt er í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréfaflokkurinn LL 010641 GB verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“). Aðalmarkaður Nasdaq Iceland er skipulegur markaður 56. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga („**lög um markaði fjármálagerninga**“)

Um skuldabréfin gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 63. tl. 1. mgr. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“), sem er í skv. 65.tl. 1. mgr. 4 gr. laga um markaði fjármálagerninga skilgreind sem „Verðbréfamiðstöð“ og gilda því einnig um skuldabréfin lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að skuldabréf verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og skuldabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og reglugerðir settar á grundvelli laganna, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglur 1470/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa, og reglugerð nr. 1267/2021, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Umsókn útgefanda um töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

Brot útgefanda á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd útgefanda. Viðurlög við brotum á reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falist í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum um markaði fjármálagerninga fer eftir 9. þætti laganna og 12. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfum útgefanda sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði falla undir lög og reglur um verðbréfiðskipti, s.s. reglur um viðskipti innherja. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

2 Skuldabréfin

2.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna

Skuldabréfaflokkurinn LL 010641 GB (áður GR 010641) var gefinn út til að fjármagna starfsemi útgefanda. Heildarheimild skuldabréfaflokksins er 15 ma.kr. og hver nafnverðseining er 20.000.000 kr. Búið er að gefa út þrisvar í flokknum eða samtals að nafnverði 8.200 m.kr. eins og kemur fram í neðangreindri töflu og umfjöllun.

Útgáfudagsetning	Nafnverðsútgáfa	Gengi	Söluandvirði	Áætlað nettó söluandvirði
01.06.2021	2.300 m.kr	95,41	2.194 m.kr	2.190 m.kr
20.12.2021	3.800 m.kr	96,99	3.777 m.kr	3.770 m.kr
07.04.2022	2.100 m.kr	97,99	2.170 m.kr	2.166 m.kr
Samtals	8.200 m.kr		8.141 m.kr	8.125 m.kr

Fyrsta útgáfa skuldabréfanna nam 2.300 m.kr. að nafnvirði eða 115 nafnverðseiningum og var útgáfudagur 1. júní 2021 og söluandvirði skuldabréfanna nam tæplega 2.194 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,00% á genginu 95,409. Dagvísitala til verðtryggingar á útgáfudegi þann 1. júní 2021 var 499,3. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfanna á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda. Söluandvirðið rann óskipt til útgefanda og var því ráðstafað í samræmi við tilgang útgáfu skuldabréfaflokksins. Skuldabréfin voru rafrænt skráð í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Þann 20. desember 2021 var viðbótarútgáfa á skuldabréfaflokknum. Skuldabréf voru gefin út fyrir að nafnvirði 3.800 m.kr., eða 190 nafnverðseiningar, á ávöxtunarkröfunni 1,60%. Gengi með áföllnum vöxtum og verðbótum var 96,990 á upphaflegan höfuðstól. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfanna á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda. Söluandvirði skuldabréfanna í desember 2021 nam tæplega 3.777 m.kr. og rann sú fjárhæð óskipt til útgefanda og var því ráðstafað í samræmi við tilgang útgáfu skuldabréfaflokksins. Samhliða var gerð breyting á tilgangi skuldabréfaflokksins en hann á nú að fjármagna grænar eignir (e. *eligible green assets*) útgefanda í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur móðurfélags útgefanda, um græna fjármögnun (e. *Green Financing Framework*). Græna umgjörðin er birt á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur¹ og vefsíðu útgefanda <https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal>.

Þann 31. mars 2022 var önnur viðbótarútgáfa á skuldabréfaflokknum. Skuldabréf voru gefin út fyrir að nafnvirði 2.100 m.kr., eða 105 nafnverðseiningar, á ávöxtunarkröfunni 1,49%. Gengi með áföllnum vöxtum og verðbótum var 97,986 á upphaflegan höfuðstól. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfanna á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda. Söluandvirði skuldabréfanna nam 2.170 m.kr. og rann sú fjárhæð óskipt til útgefanda og var því ráðstafað í samræmi við tilgang útgáfu skuldabréfaflokksins. Heildar stærð skuldabréfaflokksins við dagsetningu lýsingarinnar er því 8.200 m.kr að nafnverði eða 410 nafnverðseiningar og áætlað heildar nettó söluandvirði 8.130 m.kr.

Útgáfa skuldabréfanna var einungis boðin útvöldum íslenskum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við lið í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðs (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní

¹ Sjá nánar - www.or.is/fjarmal/fjarmognun/græn-skuldabref

2017, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (hér eftir „lýsingarreglugerð“). Útboðið var undanþegið gerð lýsingar, sbr. a og c lið, 4. mgr. 1. gr. lýsingareglugerðarinnar. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið, sem taldist ekki almennt útboð í skilningi d liðar í 2. gr. lýsingarreglugerðarinnar.

2.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin

Nafn: Ljósleiðarinn ehf., kt. 691206-3780, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

LEI kóði: 549300KJIPL1Q1N6FB19

Heimild til útgáfu: Skuldabréfaútgáfa þessi var samþykkt á fundi stjórnar Ljósleiðarans ehf. þann 11. maí 2021, 19. nóvember 2021 og 18. mars 2022

Skuldabréfin eru gefin út í þeim tilgangi að fjármagna og endurfjármagna grænar eignir á efnahagsreikningi fyrirtækisins (e. *Eligible Green Assets*) í samræmi við græna fjármögnunar umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur (e. *Green Financing Framework*) móðurfélags útgefanda, sem finna má á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur <https://www.or.is/fjarmal/fjarmognun/græna-skuldabref/>. Heildstæðar upplýsingar um skuldabréfin fást með því að skoða saman útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins, græna fjármögnunar umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur, álit úttektaraðila (e. *Cicero's Second Opinion*) og skilmála þessa. Fyrrgreind skjöl og önnur lykilskjöl eru aðgengileg á vefsíðu útgefanda www.ljosleidarinn.is

Ábyrgð á greiðslu skuldabréfaútgáfu: Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu, eingöngu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni

Skuldabréf/Víxill: Skuldabréf

Tegund: Jafnar greiðslur (e. *annuity*)

Flokkur: Skuldabréfin eru í sama flokki og njóta jafnrar stöðu innbyrðis

ISIN: IS0000033074

Auðkenni: LL 010641 GB (áður GR 010641)

Gjaldmiðill: ISK

Nafnverðseiningar:	20.000.000 kr.
Útgáfudagur:	1. júní 2021
Lokagjalddagi:	1. júní 2041
Heildarheimild útgáfu:	15.000.000.000 kr.
Útgefið nú:	8.200.000.000 kr.
Vextir:	1,5% (fastir vextir)
Dagregla:	30E/360
Reikniregla:	Einfaldir
Verðtrygging:	Vísitala neysluverðs - grunnildi 499,3 sem er dagvísitala þann 1. júní 2021. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við vísitöluna frá grunnvísitölu til vísitölu á gjalddaga
Fyrsti vaxtadagur:	1. júní 2021
Fyrsti gjalddagi vaxta:	1. desember 2021
Greiðslur vaxta og höfuðstóls:	Tveir gjalddagar. Skuldabréfið er jafngreiðslubréf þar sem höfuðstóll greiðist 40 afborgunum tvisvar á ári, í fyrsta sinn 01. desember 2021 og á sex mánaða fresti þar á eftir á 1. degi mánaðarins. Vextir greiðast á sömu gjalddögum og höfuðstóllinn. Á lokagjalddaga skulu allar eftirstöðvar höfuðstóls greiddar. Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal greiðsludagur vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í skuldabréfaflokki þessum telst vera virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi
Verð með/án áfallina vaxta:	Án áfallina vaxta
Uppgreiðsluheimild:	Óheimilt er að greiða skuldabréfin upp fyrir gjalddaga. Útgefanda skal þó heimilt að kaupa skuldabréfin, í heild eða að hluta, á eftirmarkaði
Tilgangur útgáfu:	Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna grænar eignir (e. Eligible Green Assets) útgefanda í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur (móðurfélag útgefanda) um græna fjármögnun (e. Green Financing Framework). Græna umgjörðin er birt á vefsíðu Orkuveitu Reykjavíkur www.or.is og vefsíðu útgefanda https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal
Tryggingar:	Skuldabréfin eru án trygginga

Forgangsröðun:	Skuldabréfin eru ekki víkjandi, hvorki gagnvart núverandi né framtíðarskuldbindingum útgefanda
Útreikningsaðili:	Útgefandi mun sjá um að reikna út greiðslur af skuldabréfunum á hverjum gjalddaga í samræmi við skilmála þeirra
Greiðslustaður:	Greiðslustaður höfuðstóls og vaxta á gjalddögum er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá Nasdaq CSD Iceland hf. og ber hver reikningsstofnun ábyrgð á útteilingu greiðslna til skuldabréfaeigenda
Verðbréfamiðstöð:	Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. (nú Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi)
Ábyrgð á greiðslu:	Ábyrgðarskylda útgefanda vegna greiðslu vaxta og höfuðstóls af skuldabréfunum telst bein, ótryggð, skilyrðislaus og óvíkjandi skuldbinding. Skuldabréfin njóta jafnrar stöðu innbyrðis og skal meta til jafns við aðrar beinar, ótryggðar, skilyrðislausar og óvíkjandi skuldbindingar útgefandans
Ágreiningsmál:	Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála
Hlunnindi:	Engin sérstök réttindi eða hlunnindi fylgja skuldabréfunum
Vanskil og dráttarvextir:	Það telst vanefnd af hálfu útgefanda ef hann greiðir ekki afborganir eða vexti á gjalddaga og slík vanefnd varir lengur en 30 daga frá gjalddaga. Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum á gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal skuldabréfaeigandi þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til verðbréfamiðstöðvari og skipulags verðbréfamarkaðar þar sem skuldabréfin eru til viðskipta. Sé greiðsla ekki innt af hendi á gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun. Falli gjalddagi á dag þegar bankar eru lokaðir en útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er ekki leyfilegt að innheimta

dráttarvexti. Verði skuld gjaldfelld samkvæmt útgáfulýsingu þessari má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. sömu laga. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. fyrrgreindra laga. Leiti útgefandi nauðasamninga eða sé bú hans er tekið til gjaldprotaskipta fellur skuldabréfaflokkurinn sjálfkrafa í gjalddaga

Gjaldfellingaheimildir:

Við neðangreind skilyrði er skuldabréfaeigendum heimilt að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar. Slík heimild er háð því skilyrði að a.m.k. 25% skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð, samþykki. Framangreint skilyrði gengur framar mögulegu orðalagi gjaldfellingarákvæðanna um annað, t.d. um að heimilt sé að gjaldfella fyrirvaralaust og án uppsagnar. Virkist heimild skuldabréfaeiganda til gjaldfellingar skal útgefandi, með sannanlegum hætti, boða til fundar allra skuldabréfaeigenda innan 30 daga fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvarinnar, þar sem greidd skulu atkvæði um gjaldfellingu. Boða skal til slíks fundar með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Útgefandi skal birta upplýsingar um mögulega gjaldfellingu og boðun á slíkan fund opinberlega ef skuldabréfið er til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. VIII. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti² og reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga. Fullnægjandi opinber tilkynning í skilningi ákvæðis þessa skal teljast skrifleg tilkynning sem birt er í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland, enda sé útgefandi útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Séu engir fjármálagerningar útgefanda teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal tilkynning teljast fullnægjandi sé henni komið til skuldabréfaeigenda fyrir atbeina Nasdaq CSD Iceland hf. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. eða send Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., sem kemur upplýsingum áfram til skuldabréfaeiganda á meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf.

²Á dagsetningu þessarar lýsingar hefur VIII. kafli laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti verið brottfelldur með tilkomu nýrra laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu sem tóku gildi 1. september 2021

Í samræmi við framangreint er skuldabréfaeiganda heimilt að krefjast gjaldfellingar á skuldinni í eftirfarandi tilvikum:

1 Vanefnd á öðrum fjárskuldbindingum:

Ef útgefandi vanefnir greiðslur vegna einhverra fjárhagslegra skuldbindinga sinna og slíkar vanefndir varða fjárhæðir umfram 100 milljónir íslenskra króna fyrir einstakar skuldbindingar eða 250 milljónir íslenskra króna að samtölu, og slíkum vanefndum er ekki komið í skil innan 30 daga frá gjalddaga. Þetta á þó ekki við ef slík vanefnd stafar af réttlætanlegum mótmælum útgefanda við slíkri kröfu og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Framangreindar viðmiðunar fjárhæðir skulu breytast til samræmis við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í 1. júní 2021 eða 499,3 stig.

2) Jafnræði skuldabréfaeigenda:

Ef kröfur skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokki þessum eru ekki ávallt jafnréttháar innbyrðis og á hverjum tíma jafnréttháar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda. Undanskildar eru skuldbindingar sem samkvæmt lögum njóta forgangs sem og víkjandi kröfur á hendur útgefanda.

3) Fjárnám hjá útgefanda:

Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, ef eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa.

4) Skilyrði um fjárhagslegan styrk:

Útgefandi mun tryggja að bókfært eiginfjárlutfall (eigið fé deilt með heildareignum) skv. endurskoðuðu ársuppgjóri eða könnuðu hálfis árs uppgjóri útgefanda á líftíma, sé ávallt hærra en 30%. Hyggist skuldabréfaeigendur gjaldfella skuldina á grundvelli þess að eiginfjárlutfall útgefanda sé lægra en að framan greinir verður slíkt einungis gert að undangenginni tilkynningu um slíka vanefnd og skal útgefanda gefinn kostur á að bæta úr vanefndinni innan 14 daga frá móttöku tilkynningarinnar. Takist útgefanda ekki að bæta úr vanefndinni innan tilgreinds tímafrests er skuldabréfaeigendum heimil tafarlaus gjaldfelling. Kjósi skuldabréfaeigendur hins vegar að nýta ekki gjaldfellingarheimildina fellur hún niður við opinbera birtingu

næsta uppgjörs enda hafi eiginfjárlutfall útgefanda þá farið upp fyrir 30 % á nýjan leik.

5) *Vaxtaþekja:*

EBITDA (hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir) undangenginna 12 mánaða skal vera hærra en 2,5 sinnum greiddir vextir (eins og þeir reiknast miðað við uppreiknaðan höfuðstól, að teknu tilliti til verðbóta hverju sinni) fyrir sama tímabil í endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfis árs uppgjöri útgefanda. Ákveði kröfuhafi hins vegar að nýta ekki gjaldfellingarheimildina fellur hún niður við næsta opinberlega birta uppgjör enda hafi EBITDA náð því að vera 2,5 sinnum greiddir vextir skv. ofangreindu nýju endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfis árs uppgjöri.

6) *Veðsetningarkvöð:*

Útgefanda er óheimilt að veðseta eignir sínar án skriflegs samþykkis tveggja þriðju hluta skuldabréfaeigenda, að fjárhæð og fjölda. Veðsetji útgefandi eignir sínar til tryggingar öðrum skuldum, þrátt fyrir framangreint, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust.

7) *Breytingar á starfsemi:*

Verði gerð veruleg breyting á starfsemi útgefanda samkvæmt samþykktum félagsins, t.d. að útgefandi hefur rekstur sem er ótengdur núverandi rekstri. Tilgangur félagsins er skýrður í grein 1,3 í samþykktum félagsins frá 27. apríl 2022 „Tilgangur félagsins er rekstur fjarskipta - og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annað sem þarf til rekstur félagsins“ Verði skuldin gjaldfelld, sbr. framangreint, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. 8 laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

8) Sérstök skilyrði. Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin sem tilgreind eru í lið 58 í útgáfulýsingu

Verði skuldin gjaldfelld, sbr. framangreint, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun

samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Sérstök skilyrði:

Nýting fjármagns: Útgefandi skal nýta fjármagn sem hann móttækur vegna útgáfu skuldabréfanna til að fjármagna og endurfjármagna grænar eignir á efnahagsreikning fyrirtækisins, í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur um græna fjármögnun

Sérstök endurskoðun: Óháður staðfestingaraðili skal staðfesta að minnsta kosti einu sinni á ári að útgefandi hafi nýtt fjármagn í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur um græna fjármögnun og fer endurskoðandi félagsins með það hlutverk.

Tilkynning um vanefnd:

Útgefandi skuldbindur sig til að birta opinberlega tilkynningu uppfylli hann ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í liðum 1-7 hér að framan

Fullnægjandi opinber tilkynning í skilningi ákvæðis þessa skal teljast skrifleg tilkynning sem er komið til skuldabréfaeigenda fyrir atbeina Nasdaq CSD Iceland.

Komi til vanefnda er útgefanda skylt að boða til fundar með skuldabréfaeigendum innan 30 daga ellegar öðlast skuldabréfaeigendur rétt til gjaldfellingar

Upplýsingar um eigendur:

Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldabréfanna á hverjum tíma frá Nasdaq CSD Iceland og þeim reikningsstofnunum þar sem skuldabréfin eru geymd á vörslureikningum. Útgefandi skal fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og ekki afhenda þriðja aðila upplýsingarnar nema útgefanda beri skylda til samkvæmt lögum

Atkvæðisréttur:

Atkvæðisréttur skuldabréfaeiganda skv. skilmálum þessum miðast við nafnverðsfjárhæðir hvers skuldabréfaeiganda sem hlutfall af skuldabréfaflokknum. Eigin bréf útgefanda og/eða tengdra aðila veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þau skuldabréf ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti

Ágreiningsmál:

Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála

Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði:

Stefnt er að töku skuldabréfanna á skipulegan verðbréfamarkað Nasdaq Iceland hf. eigi síðar en 12 mánuðum frá útgáfudegi

Fyrning:

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá lokagjalddaga, sbr. 5 gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum, sbr. 3. gr. sömu laga

Annað:

Andvirði skuldabréfaútgáfunnar mun verða nýtt til þess að fjármagna grænar eignir (e. *Eligible Green Assets*) útgefanda í samræmi við umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur (móðurfélag útgefanda) um græna fjármögnun (e. *Green Financing Framework*)

2.3 Lög sem gilda um skuldabréfin

Um skuldabréfin gilda íslensk lög, þar á meðal lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf, auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Stefnt er að töku skuldabréfaflokksins LL 010641 GB til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og því gilda um skuldabréfin og viðskipti með þau lög nr. 115/2021 um markaði fjármálagerninga.

Rísi ágreiningsmál út af skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

2.4 Rafræn skráning og framsal

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD Iceland, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Nasdaq CSD Iceland er einnig heimilt að annast milligöngu um framsal þeirra.

Eignarskráning rafréfa hjá Nasdaq CSD Iceland veitir skráðum eigendum þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem þeir eru skráðir að. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfanna.

2.5 Forgangsröðun skuldabréfanna

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokknum eru ávallt jafnrétt háar (e. *pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnrétt háum skuldbindingum sérstakar

tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda³.

2.6 Skilmálabreytingar

Útgefandi getur óskað eftir breytingu á skilmálum skuldabréfanna. Til að samþykka skilmálabreytingu á skuldabréfunum þarf samþykki útgefanda og eigenda 66,67% skuldabréfa (að nafnvirði) sem mættir eru á réttilega boðaðan kröfuhafafund samkvæmt skilmálum skuldabréfaútgáfunni.

Þrátt fyrir framangreint, verður skilmálum skuldabréfanna er varða lokagjalddaga, fjárhæð og greiðslur vaxta og höfuðstóls ekki breytt nema að fengnu samþykki útgefanda og eigenda 90% skuldabréfa (að nafnvirði) sem mættir eru á réttilega boðaðan kröfuhafafund samkvæmt skilmálum skuldabréfaútgáfu þessarar.

Útgefandi annast fundarboðun. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeiganda skulu tilkynnt Nasdaq CSD Iceland og birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland (ef við á).

Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq CSD Iceland um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks. Útgefanda er heimilt að fá uppgefna skráða eigendur skuldabréfanna hjá Nasdaq CSD Iceland.

2.7 Taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland

Stefnt er að töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulagður markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fjármálagerna. Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Við það að skuldabréf útgefanda eru tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum þar um og einnig skv. reglum Nasdaq Iceland, sem eru í gildi á hverjum tíma.

2.8 Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er áætlaður um 2 m.kr. Um er að ræða kostnað vegna gerðar lýsingar, kostnað við yfirferð og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu, kostnað við töku skuldabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Nasdaq Iceland, kostnað Nasdaq verðbréfamiðstöðvar samkvæmt gjaldskrá og aðra smávægilega kostnaðarliði sem falla til við undirbúning töku skuldabréfanna til viðskipta.

2.9 Afskráning

Skuldabréfaflokkurinn verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um greiðslufall skuldabréfaflokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð

³ Kröfur vegna skuldabréfanna njóta sömu réttshæðar og almennar kröfur á hendur útgefanda komi til gjaldprotaskipta útgefanda

tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram. Útgefandi sendir Nasdaq verðbréfamíðstöð staðfestingu á lokagreiðslu.

2.10 Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer um skattalega meðferð skuldabréfanna samkvæmt íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar er nú 22%. Reikningsstofnanir sem varsla skuldabréfin fyrir skuldabréfaeigendur annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Fjárfestum er ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. 3. gr. laga nr. 138/2013, um stimpilgjald.

2.11 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar um vísitölu neysluverðs eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Upplýsingar frá Hagstofu Ísland eru opinber gögn og fengnar af vef Hagstofu Íslands: <https://www.hagstofa.is/>.

Útgefandinn staðfestir, að því marki sem honum er unnt og kunnugt um að þær upplýsingar sem stuðst er við frá Hagstofu Íslands eru réttar og að engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

3 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um töku skuldabréfa sem gefin er út af útgefanda, í flokknum LL 010641 GB, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Framangreint fer fram í samræmi við lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 115/2021 markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 7 og 15 við framselda reglugerð nr. 2019/980. Viðauki 7 er vegna útgefandalýsingar fyrir heildsöluverðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og viðauki 15 er vegna verðbréfalýsingar fyrir heildsöluverðbréf sem ekki er hlutabréfatengd. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. maí 2020. Útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland, sem tilgreind eru í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, dags. 1. september 2021.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, sem lögbæru yfirvaldi í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi verðbréfalýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi verðbréfalýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, og útgefandalýsingu dagsettri 19. maí 2022.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki LL 010641 GB. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í 1. kafla í verðbréfalýsingu þessari og 1. kafla í útgefandalýsingu Ljósleiðarans dagsettri 19. maí 2022. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst

frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa Ljósleiðarans til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 í neinni lögsögu.

3.1.1 Fjárfesting í skuldabréfunum hæfir ekki öllum fjárfestum

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

- a) Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
- b) Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfum.
- c) Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu útgefanda sem er dagsett 19. maí 2022 og samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 19. maí 2022 og verðbréfalýsingu þessari.
- d) Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á fjárfestingasafn viðkomandi.
- e) Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í skuldabréfunum.
- f) Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengist skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta-, gjaldmiðla og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

3.1.2 Gildistími og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 19. maí 2022 samanstendur af tveimur skjölum, verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu dagsettum 19. maí 2022. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu að því tilskildu að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina (ef við á) og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Eftirfarandi skjöl til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Endurskoðaður ársreikningur Ljósleiðarans 2021
- Endurskoðaður ársreikningur Ljósleiðarans 2020
- Útgefandalýsing Ljósleiðarans dagsett og undirrituð 19. maí 2022
- Útgáfulýsing Ljósleiðarans GR 010641 dagsett 21. maí 2021 (nú LL 010641 GB)
- Viðauki við útgáfulýsingu GR 010641 dagsettur 8. desember 2021 (nú LL 010641 GB)⁴
- Samþykktir útgefanda dagsettar 27. apríl 2022
- Græn umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga
- Staðfesting frá óháðum vottunaraðila, Cicero dagsett 18. nóvember 2021

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal>

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefsíðunni: <https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal>

Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

3.1.3 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki LL 010641 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hafði umsjón með sölu og útgáfu skuldabréfaflokksins og verið stjórn og stjórnendum útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 19. maí 2022 og töku skuldabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland. Lýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á upplýsingum úr endurskoðuðum ársreikningum útgefanda fyrir árin 2020 og 2021.

Samskiptaupplýsingar:

Tölvupóstfang	Fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is
LEI-númer	549300TLZPT6JELDWM92
Símanúmer	410-4000

3.1.4 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda og Landsbankans hf. vegna töku skuldabréfa Ljósleiðarans til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

- Landsbankinn hf. er viðskiptabanki og lánveitandi útgefanda
- Í tengslum við útgáfu og stækkun á skuldabréfaflokknum þann 1. júní 2021, 20. desember 2021 og 31. mars 2022, hafði Ljósleiðarinn fengið Markaðsviðskipti

⁴ Viðaukann skal skoðast sem órjúfanlegan hluta af útgáfulýsingu GR 010641 dagsetta 21. maí 2021

Landsbankans til hafa umsjón með sölu skuldabréfa. Markaðsviðskipti Landsbankans hf. þiggur þóknun vegna þessa.

- Í tengslum við töku skuldabréfaflokks LL 010641 GB til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Landsbankanum hf. þóknun.

Útgefanda og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu.

Að öðru leyti er útgefanda ekki kunnugt um hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.

3.1.5 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður Ljósleiðarans ehf. sem gegnir hlutverki stjórnar útgefanda og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík lýsa hér með yfir fyrir hönd útgefanda að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. maí 2022

Fyrir hönd Ljósleiðarans ehf.

Birna Bragadóttir, stjórnarformaður

Erling F. Guðmundsson, framkvæmdastjóri

3.1.6 Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingunni vísa hugtökin;

„Ljósleiðarinn“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Ljósleiðarinn ehf., kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík,

„LL 010641 GB“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins LL 010641 GB sem gefinn var út af Ljósleiðaranum ehf., þann 1. júní 2021 ,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„lýsing“ til lýsingar Ljósleiðarans ehf. dagsettrar 19. maí 2022, sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, og útgefendalýsingu dagsettri 19. maí 2022,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 4. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um lýsingar“ til laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020,

„lög um markaði fjármálagerninga“ til laga um markaði fjármálagerninga nr. 115/2021,

„lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur“ til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996,

„lög um stimpilgjald“ til laga um stimpilgjald nr. 138/2013,

„lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga“ til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafrænna eignaskráninga fjármálagerninga nr. 7/2020,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq Iceland“ til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi ,

„útgefendalýsingin“ til útgefendalýsingar dagsettrar 19. maí 2022,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettrar 19. maí 2022,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

3.1.7 Skammstafanir og hugtök

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
gr.	grein
hf.	hlutafélag
kr.	Krónur
kt.	kennitala
m.a.	meðal annars
m.kr.	milljónir króna

ma.kr.	milljarða króna
nr.	númer
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
s.s.	svo sem
VNV	Vísitala neysluverðs, reiknuð skv. Hagstofu Íslands
þ.m.t.	þar með talið

Undirritunarsíða

f.h. Ljósleiðarans ehf.
Birna Bragadóttir

f.h. Ljósleiðarans ehf.
Erling Freyr Guðmundsson